

um. Félagið er þar á öndverðum meið við „Stórveldin þrjú“ (komma, Framsóknar- og Sjálfstæðismenn). Verkamannafél. Próttur vill koma í veg fyrir það að verkalýðurinn standi sundraður, koma í veg fyrir það, að andstæðingar Alþýðusamtakanna geti notað sér fátækt og vinnuþörf einstaklinganna, til þess að neyða þá til að standa utan við samtökin, koma í veg fyrir það, að hægt sé að kaupa menn með vinnulofordum og ýmsum friðindum til þess að vera sínir eigin böðlar. Hver vill mótmæla því, að Alþýðusamtökin hafi unnið hinum vinnandi stéttum mikið gagn? Hver vill mótmæla því, að kaupgjald væri mun lægra ef þessi samtök væru engin? Eru ekki mörg dæmi þess, að þar sem samtökin eru veikust er kaupið lægst og réttarbæturnar minnstar? Og hver vill mótmæla því, að verkalýðnum sé nauðsynlegt að sameinast, ef hann á að geta staðist árásir andstæðinganna. En vegna þess að „Stórveldin þrjú“ eru andstæð þessari sameiningu, verður að brjóta á bak aftur vald þeirra yfir hagsmunum verkalýðsins. Það hyggst Verkamannafélagið Próttur að gera með því að gera það að skilyrði fyrir vinnuréttindum, að vera í verkalýðsfélagi innan Alþýðusambands Íslands, sem er eina landssamband verkalýðsins, sem til er á Íslandi. Náist þetta, eru samtökin orðin miklum mun sterkari en áður, orðin betur fær um að knýja fram sínar kröfur, sem allar miða að því að gera aðstöðu verkamannsins betri. Þessi krafa Verkamannafél. Próttur er því bæði réttlát og nauðsynleg. Þeir einir geta haft skaða af þessu, sem hafa andstæðra hagsmuna að gæta, og það eru fyrst og fremst atvinnurekendur. Sundrunin er vatn á þeirra myllu. Þetta vatn minnkar eftir því sem samtökin verða sterkari og það mundi minnka að mun nú í vor, ef kommar, pissuðu ekki í lækinn. Það er athyglisvert hve „Stórveldin þrjú“ eru samtaka í sundrungarstarfseminni, eru samtaka í því að ausa vatni á myllu atvinnurekendanna. Afstaða þeirra til eftirfarandi tillögu er góð sönnun þess.

„Par sem ekki verður um það deilt, að fyrsta skilyrðið fyrir því, að alþýðusamtökin geti náð tilætludum árangri, er

það, að öll hin vinnandi alþýða sameinist í eina órjúfandi samtakaheild, og þar sem það er jafnframt vitanlegt, að stórkostlega mikill meiri hluti alls verkalýðs við sjávarsíðuna er skipulagsbundinn innan vébanda Alþýðusamtakanna, skorar fundurinn á alla þá, sem enn standa utan við þessi samtök, að hugsa meira um hagsmuni heildarinnar en dægurþras og valdadrauma örfárara einstaklinga, og sýna það í verkinu með því að fylkja sér undir merki alþýðusamtakanna í landinu. Í trausti þess, að verkalýðurinn sjái hvaðan úrlausnar er að vænta, tekur fundurinn fyrir næsta mál á dagskrá“.

Þessa tillögu felldu „Stórveldin þrjú“.

Við skulum nú athuga nokkru nánar hvað hér er um að ræða.

Á verkalýðurinn að standa sameinaður um sín hagsmunamál?

Nei, segja „Stórveldin þrjú“.

Á verkalýðurinn að hugsa meira um hagsmuni heildarinnar en dægurþras og valdadrauma örfárara einstaklinga?

Nei, segja „Stórveldin þrjú“.

Á verkalýðurinn að fylkja sér undir merki alþýðusamtakanna í landinu?

Nei, segja „Stórveldin þrjú“.

Með öðrum orðum: Verkalýðurinn á að vera sundraður, samtökin eiga að vera veik og lítils megnug.

Þetta er hið raunverulega markmið „Stórveldanna þriggja“.

Borgarafundurinn á þriðjudaginn.

Seinni hluta mánudags sendu þrír bæjarfulltrúar, Andrés, Þór-oddur og Hertervig, oddvita kröfu um það, að halda bæjarstjórnarfund og samþykkja þar, að bæjarstjórnin gengist fyrir borgarafundi, til þess að ræða kröfu Verkam.fél. Próttur til ríkisverksmiðjustjórnarinnar um vinnuréttindi. Var fundurinn haldinn kl. 8 um kvöldið. Þar flutti Þormóður aðaltillöguna fyrir hönd stórveldanna. Tillögur Alþýðuflokksmanna til þess að fá þá sjálfsögðu kröfu fram, að sækjendur og verjendur málsins fengju

jafnlangan ræðutíma, voru felldar með 7 gegn 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli. Það er athyglisvert, að þrír flokkar ráðast sameiginlega á Verkamannafélagið Próttur, en þó fær félagið sjálft enga aðstöðu til andsvara — engan ræðutíma. Þessi ákvörðun Verkamannafél. Próttur, sem hér um ræðir, var þó samþykkt á fjölmönnum fundi móttatkvæðalaust. Þorin tvö í bæjarstjórninni áttu mestan heiðurinn af því, að svona var í pottinn búið.

Þegar á borgarafundinn kom, lýsti Kristján Kjartansson yfir því, fyrir hönd Framsóknarfélagsins, að *vegna hinna sorglegu atburða, sem skeð hefðu innan flokksins, gætu bæjarfulltrúarnir ekki mætt á fundinum. Lét hann þess jafnframt getið, að allir mundu vita, hverjir þessir sorglegu atburðir væru. Þar sem Sophus Blöndal hefir verið hættulega veikur um lengri tíma, héldu margir fundarmenn að hann væri dáinn, en svo reyndist þó ekki, þegar að var spurt utan fundarsalsins. En Blöndal var einnig veikur á mánudaginn, þá gátu þessir sömu menn heimitað bæjarstjórnarfund og mætt þar.*

Frú Guðrún, kona Þormóds Eyjólfssonar, virtist una sér allvel á borgarafundinum og eru þó tilfinningar kvenna taldar næmari fyrir sorglegum atburðum. En þörfin hefir þar orðið tilfinningunum yfirsterkari, enda þurfti einhver að úthluta ræðutíma flokksins, fyrst sorgin hafði yfirbugað foringjana. Og það tókst prýðilega, því að simstjórnin hlaut hnossið. —

Það má enginn skilja orð mín svo, að eg geri lítið úr þeirri sorg, er leggst á vandamenn þeirra, sem veikir eru, þá hlið málsins þekki eg of vel sjálfur til þess að mér komi slíkt til hugar. En eg fordæmi það, að slíkt atvik séu notuð eins og Framsóknarmenn gerðu í þessu tilfelli. Hinn raunverulegi „sorglegi atburður“, sem varð þess valdandi, að fulltrúar Framsóknarflokksins mættu ekki á fundinum, var sá, að símað var til Andréar og Þormóds nokkru áður en fundurinn hófst. Jónasi frá Hriflu mun ekki hafa þótt það nein sérstök meðmæli með kröfu Framsóknarmanna um annan framkvæmdastjóra við ríkisverksmiðjurnar, að Þormóður tæki opinbera afstöðu á móti þessu ákvæði Verkam.fél. Próttur, ekki sízt vegna þess að Framsóknar-